

Auglýsing um friðland við Gullfoss

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gullfoss ásamt næsta nágrenni vestan Hvítár í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan ræður Hvítá, en Gullfoss er allur innan friðlandsins. Að sunnan og suðvestan að Selvörðu ræður girðing friðlandsins, en lega hennar er sem hér segir:

Úr ónefndum kletti gengt Baulukletti við mynni Hvítárgljúfurs upp í túnbrekkuna í Brattholti á stað skammt vestan við Karlshól. Þaðan með Bæjarási á Stöðulás. Þá í punkt SV af Selvörðu og þaðan að Selvörðu. Frá Selvörðu ræður bein lína í lág í Brattholtsgili og þaðan gilið í Hvítá.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu eru óheimilar án leyfis [Umhverfisstofnunar].
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir.

Til undanþágu frá þessum reglum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið 9. mars 1979

Ragnar Arnalds

Birgir Thorlacius